

Tilvísun í mál: VEL13110167

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd

Ráðuneytið vísar til tölvupósts dags 21. nóvember sl þar sem óskað er eftir kostnaðarmati á tillögum til þingsályktunar um samstarf við Færeyjar og Grænland á sviði menntunar heilbrigðisstarfsmanna, starfsmannaskipta og veitingu heilbrigðisþjónustu milli landanna, sbr 41. mál og þingsályktunartillögu um aukið samstarf við Færeyjar og Grænland á sviði heilbrigðisþjónustu, 44. mál. Samstarf við Færeyjar og Grænland á sviði heilbrigðisþjónustu á sér langa sögu.

Færeyjar.

Í gildi er samningur milli Heilsumálaráðsins fyrir hönd sjúkrahúsa í Færeyjum og Landspítala frá apríl 2010 um þjónustu við færeyska sjúklinga á Landspítala sem og annað samstarf á sviði heilbrigðismála. Samningurinn var staðfestur af þáverandi heilbrigðisráðherrum Íslands og Færeyja. Samstarf hefur gengið mjög vel eins og getið er um í greinargerð.

Einnig hefur mikið samráð átt sér stað milli Íslands og Færeyja, ma á sviði lyfjamála, upplýsingamála ofl.

Grænland

Í gildi er samningur milli Heilbrigðismálayfirvalda á Grænlandi og Heilbrigðisráðuneytisins á Íslandi, sem undirritaður var af ráðherrum landanna 8. júní 2010. Samningurinn gerir ráð fyrir formlegu samstarfi og föstum samráðsnefndum sem funda árlega til skiptis í löndunum. Síðast var fundað á Íslandi í maí 2013. Áður hafði verið í gildi samningur af svipuðum toga frá ágúst 1997, ásamt samningi frá 1996 við Sendiráð Danmerkur í Reykjavík um túlkþjónustu við Grænlandinga sem fluttir voru til meðferðar á Íslandi.

Grænlenkir sjúklingar hafa verið fluttir um áratuga skeið til Íslands vegna bráðra veikinda eða slysa, einnig hafa sjúklingar komið á Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri vegna valaðgerða, sem grænlenk heilbrigðisyfirvöld sömdu um sérstaklega, m.a. vegna liðskipta og aðgerða á miðeyrum vegna heyrnartaps.

Heilbrigðisstarfsfólk frá Grænlandi hefur verið í tengslum við Háskólann á Akureyri vegna sérhæfðra námskeiða.

Grænland og Færeyjar.

Heilbrigðisráðherrar landanna funda reglulega. Fyrsti formlegi fundurinn var haldinn í Nuuk á Grænlandi síðla vetrar 2012, síðan var fundað á Ísafirði í janúar 2013 og heilbrigðisráðherra Færeyja hefur boðið til næsta fundar í Þórshöfn í janúar 2014.

Einnig hafa ráðherrar heilbrigðismála á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi borið saman bækur sínar á fundum norrænu heilbrigðisráðherranna, síðast í Stokkhólmi í júní 2013.

Í umræðunum hefur endurtekið komið fram að þjónustan sem veitt er frá Íslandi er mikils metin. Samgöngur við Ísland eru þó ákveðin hindrun. Mikið og langvinnt tengslanet er við Danmörku frá Færeyjum og Grænlandi, m.a. er sjúkrahótel í Kaupmannahöfn hluti af grænlenksku heilbrigðisþjónustunni.

Heilbrigðisráðherra mun taka þingsályktunartillögurnar til umræðu á fundum ráðherranna í Þórshöfn í janúar nk og í framhaldi af því móta nánar tillögur um samninga og aukið samstarf. Að mati ráðuneytisins er ekki unnt að kostnaðarmeta þingsályktunartillögurnar fyrr en þessar umræður við Grænlandinga og Færeyinga hafa átt sér stað.

F.h.r.
Sveinn Magnússon